



# Heimilisvernd 2

Skilmáli E-32

Heimilisvernd 2 veitir viðtæka og alhliða vernd og inniheldur allar helstu tryggingar sem nauðsynlegar eru fyrir heimili og fjölskyldur. Tryggingin inniheldur ákveðnar grunntryggingar, m.a., innbústryggingu og slysatryggingu í fritima en einnig eru til viðbótar valkvæðar ferðatryggingar.

Tryggingin samanstendur af skírteini ásamt áritun og sérskilmálum, skilmála þessum, almennum skilmála félagsins nr. AS-1 og ákvæðum laga um våtryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framar ákvæðum almenna skilmálans, ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Þegar iðgjald er greitt af þessari tryggingu er jafnframt greitt náttúruhamfaratryggingariðgjald. Lausafjármunir þeir sem brunatrygging nær yfir verða þá sjálfkrafa tryggðir fyrir náttúruhamförum, svo sem jarðskjálftum, snjóflóðum, eldgosum og öðrum sambærilegum atvikum, eins og nánar er kveðið á um í lögum nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands.

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Tryggingartaki:** Sá einstaklingur sem tekur trygginguna í sínu nafni og er jafnframt greiðandi hennar.

**Tryggðir/ur:** Tryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn þeirra, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búa á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald. Maki tryggingartaka er einnig tryggður þó hann hafi annað lögheimili. Börn tryggingartaka og börn maka eða sambúðarmaka hans sem eru yngri en 18 ára eru tryggð þótt þau hafi lögheimili á Íslandi á öðrum stað en tryggingartaki. Aðilar sem skráðir eru á skírteini að beiðni tryggingartaka eru tryggðir enda hafi þeir aðilar sama lögheimili og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

**Heimili:** Sá staður sem gefinn er upp á skírteini sem tryggingarstaður og sem er jafnframt lögheimili tryggingartaka og heimilisfólks hans.

**Hlutfallsreglan:** Hlutfallsregla er reikniregla um samanlagða læknisfræðilega örorku. Hafi tjónþoli orðið fyrir líkamstjóni í eldra slysi eða áður metinn til læknisfræðilegrar örorku (miskastiga) skal hlutfallsreglu beitt. Sama gildir ef tjónþoli verður fyrir fjöláverka í einu og sama slysinu. Byggir hún meðal annars á því að ekki sé hægt að vera með meiri en 100% varanlega læknisfræðilega örorku. Þegar hlutfallsreglu er beitt er metið með hvaða hætti mismunandi einkenni tjónþola verka saman og valda varanlegri örorku.

**Innbú:** Lausafé og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og teljast ekki vera hluti af húseign eða fylgifé hennar. Við það skal miðað að innbú teljist allt það sem tryggðir myndu almennt flytja með sér ef þeir flyttu á milli heimila. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera hluti af innbúi sem og vörur sem ætlaðar eru til sölu og/eða vinnslu.

**Slys:** Með orðinu „slys“ er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðslu á útlínum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans. Dánarbætur greiðast vegna slyss sem sýnt er fram á að sé bein og eina orsök andlás tryggða.

**Varanleg læknisfræðileg örorka:** Bætur vegna læknisfræðilegrar örorku eru reiknaðar út frá læknisfræðilegu mati á því hversu mikilíð líkamlegt eða andlegt tjón er talið hafa hlotist af slysi. Tjónið skal meta samkvæmt töflu örorkunefndar um miskastig. Þegar fjárhæð bóta fyrir varanlega læknisfræðilega örorku er ákveðin skal lituð til þess hvers eðlis og hversu miklar afleiðingar tjóns eru frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Varanleg læknisfræðileg örorka skal metin til miskastiga og skal miða við heilsufar tjónþola eins og það er þegar það er orðið stöðugt og þegar læknir telur að frekari bata sé ekki að vænta. Varanleg læknisfræðileg örorka er óháð orsök líkamstjóns í hverju tilviki og við mat á henni er ekki tekið tillit til menntunar, starfs eða áhugamála þess sem orðið hefur fyrir líkamstjóni.

**Tryggingarfjárhæð:** Sú fjárhæð sem tiltekin er á skírteini sem hámarksbætur fyrir hvern tryggingarlið fyrir sig.

**Örorkunefnd:** Í örorkunefnd sitja þrír aðilar sem skipaðir eru á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga. Örorkunefnd semur töflu um miskastig. Í töflunni er metin skerðing á líkamlegri og eftir atvikum andlegri færni hjá einstaklingum sem orðið hafa fyrir líkamstjóni.

## Efnisyfirlit:

1. Innbústrygging
2. Innbúskaskó (valkvæð)
3. Ábyrgðartrygging
4. Slysatrygging í frítíma
5. Réttaraðstoðartrygging
6. Áfallatrygging
7. Neyðaraðstoð vegna ofbeldis á heimili
8. Forfallatrygging (valkvæð)
9. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging (valkvæð)
10. Farangurstrygging erlendis (valkvæð)
11. Farangurtafatrygging (valkvæð)

## 1. Kafli. Innbústrygging

### 1. gr. Brunatrygging

#### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum af völdum:

- a. **eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði í skilningi þessarar greinar.
- b. **eldingar.** Með eldingu er átt við varma eða kraftverkun rafmagns í sambandi við leiðni eldingarstraums til jarðar. Tryggingin bætir tjón af völdum eldingar þótt ekki verði laus eldur.
- c. **sprengingar.** Hér er átt við efnahvörf sem gerast á svipstundu með mikilli varmamýndun og öflugri rúmtaksaukningu efna.
- d. **skammhlaup í raftækjum.**
- e. **sótfalls frá viðurkenndu kynditæki og eldstæði.** Þegar tjón verður við skyndilegar og ófyrirséðar ástæður.
- f. **slökkvi- og björgunarstarfa.** Félagið greiðir sanngjarnan kostnað við björgun, flutning og geymslu á tryggðu innbúi þegar markmið ráðstöfunarinnar er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna. Það sama á við um innbú sem glatast við slökkvi- og björgunaraðgerðir.
- g. **loftfars sem hrapar.** Hér er átt við tjón sem verður vegna loftfars eða hluta úr loftfari sem hrapar eða fellur af himnum ofan. Tryggingin bætir tjón þótt ekki verði laus eldur.

#### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. vegna sviðnunar eða bráðnunar, sem ekki verður talin eldsvoði, svo sem þegar hlutur sviðnar frá straujárni, frá glóð vegna tóbaksreykinga, eldstæðum eða þess háttar né tjón á munum, sem settir eru viljandi í hættu frá eldi eða hita.
- b. sem verða vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- c. vegna skammhlaups í tækjum sem eru eldri en 10 ára.
- d. vegna skammhlaups sem ábyrgð seljanda nær yfir
- e. vegna skammhlaups eða annars tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.
- f. vegna sóts sem safnast hefur fyrir smám saman við notkun kynditækja.

### 2. gr. Vatnstjónstrygging

#### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón af völdum:

- a. vatns, olíu og gufu, sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og eiga upptök sín innan veggja hússins.
- b. vatns sem streymir óvænt og skyndilega frá vatnsrúmum eða fiskabúrum vegna bilana.
- c. vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum og vegna leka frá frystikistum og kæliskápum.
- d. yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og verður svo mikil að frárennslisleiðslur nái ekki að flytja það frá. Tryggingin bætir einungis tjón samkvæmt þessari grein sem orsakast af því að vatn kemst inn um þéttigar meðfram hurðum eða gluggum sem eru á jarðhæð eða í kjallara fasteignar.
  - Til að úrhelli teljist hafa átt sér stað skal úrkoma hafa verið meiri en 15 mm á 3 klst tímabili eða yfir 80 mm á 24 klst tímabili.
  - Það telst vera asahláka þegar snjór eða klaki bráðnar vegna hlýnunar þar sem hitastig á láglendi nær að lágmarki 5°C í 36–48 klst, með mikilli úrkому og hvössum vind, amk. 10 m/sek.

## Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- sem verða ef vatn streymir óvænt eða skyndilega frá niðurföllum eða þakrennum.
- vegna utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra.
- vegna vatns sem þrýstist upp úr skólp- eða frárennslisleiðslum eða ef skólpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem berst, þó með þeiri undantekningu ef leiðsla stiflast eða springur innanhúss.
- vegna utanaðkomandi vatns frá þökum, þakrennum, svölum eða vegna sjávarfalla, flóða eða grunnvatns.

## Varúðarreglur

- í óupphituðu húsnæði skal lokað fyrir vatnsaðstreymi, vatnslagnir ásamt viðfestum tækjum skulu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- Tryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa frá þeim aur eða klaka.

## 3. gr. Innbrotstrygging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- innbrots í læstri íbúð, bifreið, einkabát, einkaloftfar.
- innbrots í sumarhús, hjólhýsi og veiðihúsi þegar búið er í þeim.
- skemmda í íbúðinni sökum innbrotsins, að undanskildum brotnum rúðum, með allt að 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.
- hámarksbætur í hverju innbrotstjóni í bifreið, einkabát, einkaloftfar, bílskúr og geymslu utan íbúðarhúsnæðis eru 5% af tryggingarfjárhæð innbúsins.

## Varúðarreglur

- Læsa ber tryggilega íbúðarhúsnæði, bílum og öðrum stöðum sem tryggingin tekur til þegar þeir eru mannlusir eða heimilisfólk í svefn.
- Tryggðum ber að loka og krækja aftur gluggum og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg og ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

## 4. gr. Þjófnaðar- og ránstrýgging

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna:

- þjófnaðar úr ólæstri íbúð, þó ekki peninga, verðbréf, skartgripi og handrit. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni.
- þjófnaðar úr grunnskóla, þó ekki peninga og skartgripi. Bætur takmarkast við 5% af tryggingarfjárhæðinni. Ákvæðið á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu grunnskólanemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, frístundaheimilum og á sundstöðum á vegum grunnskólans þegar nemendur eru í umsjá kennara.
- þjófnaðar á reiðhjóli, rafmagnshjóli, léttu bífhjóli í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga, barnavagni og barnakerru. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð.
- ráns, þ.e. töku tryggðra muna með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita þegar í stað.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskýrslu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni og að á vettvangi séu greinileg ótvíræð merki þess að brotist hafi verið inn.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón vegna:

- þjófnaðar úr íbúð, hjólhýsi eða sumarhúsi sem hafa verið mannlusa í 6 mánuði.
- þjófnaðar úr húsnæði eða farartækjum sem tryggður leigir eða lánar öðrum.
- þjófnaðar úr tjöldum eða tjaldvögnum.

## Varúðarreglur

- Læsa skal íbúðarhúsum, farartækjum, bílskúrum, öðrum geymslum og íverustöðum, loka gluggum og krækja aftur.
- EKKI skal skilja við ólæsta íbúð mannlusa eða þegar heimilisfólk er í svefn.
- EKKI skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða ólæustum fataskápum í grunnskóla, íþróttahúsi, sundstað og frístundaheimili.

- d. Reiðhjóli og léttu bifhjóli í flokki í ber að læsa þegar munirnir eru ekki inni í læstu húsnæði og geyma skal lykla á öruggum stað.
- e. Sýna skal aðgát við frágang barnavagns og barnakerru.

**5. gr. Brot- og hrunstrygging**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna brots eða hruns á innbúi á heimili tryggðs vegna tilfallandi bilana.

**Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. á verkfærum, snjalltækjum, heyrnartækjum, gervitönnum, gleraugum og úrum vegna brots eða hruns.
- b. af völdum vökva, sem hellist niður við brot eða hrun.
- c. vegna brots eða hruns af manna völdum.

**6. gr. Snjóþungatrygging**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna skyndilegs snjóþunga sem sligað hefur þak eða veggi húseignarinnar, þannig að tjón verði á innbúinu.

**Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. af völdum snjóflóða.
- b. sem er afleiðing byggingargalla.
- c. sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.

**7. gr. Fok- og óveðurstrygging**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna skemmda tryggða af völdum óveðurs (28,5 m/s eða meira) og tjónið er afleiðing þess að vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað þegar tjónið varð, skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum óveðurs þegar tjónsatburðurinn varð.

**8. gr. Kæli- og frystivörur**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna ófyrirséðra stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð.

**Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón sem verður á ísskáp eða frystikistu vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef tækið er eldra en 5 ára og/eða ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.

**Varúðarregla**

Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

**9. gr. Ofhitnun á þvotti**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna ofhitnunar (suðu) á þvotti í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þessum tækjum. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að tryggður leggi fram reikning fyrir viðgerð með bilunarlysingu viðgerðaraðila.

**Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón á þurrkaranum eða þvottavélinni sjálfri.

**Varúðarregla**

Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél eða þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.

**10. gr. Skemmdarverk**

**Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir tjón vegna skemmdarverka, þ.e. skemmda á tryggðum munum sem valdið er af ásetningi.

**Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. vegna skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við heimili tryggðs.

- b. sem er valdið tryggðum sjálfum eða einhverjum einstaklingi sem heimild hefur haft til veru á heimili tryggða.

Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins að lögregluskyrlu sé skilað sem sönnun fyrir tjóni.

## 11. gr. Umferðaróhapp

### Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón vegna umferðaróhappa, þ.e. skemmda á innbúi, sem er í ökutæki sem lendir í umferðaróhappi og ekki er bótaskylt úr öðrum tryggingum.

### Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón sem verða við búferlaflutninga eða við flutning gegn gjaldi, né tjón sem er bótaskylt úr öðrum tryggingum við flutninga.

## 12. gr. Hvað er tryggt?

Innbústrygging tekur til almenns innbús í eigu tryggða sem staðsett er á því heimili sem tiltekið er á skírteini.

### Almennt innbú er:

- Innbú og persónulegir munir sem fylgja almennu heimilishaldi og telst ekki vera hluti af húseign eða almennu fylgjifé hennar. Dýr, tjaldvagnar, hjólhýsi, bátar, mótorknúin tómstundaáhöld, bílar og önnur vélknúin ökutæki teljast ekki vera innbú í skilningi þessa skilmála.
- Gleraugu, gervitennur og heyrnatæki í eigu tryggða.

Til viðbótar við innbú skv. a. og b. lið. 12. gr. falla eftirfarandi munir undir innbústrygginguna með þeim takmörkunum sem getið er í hverjum lið fyrir sig:

- Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn sem bætast allt að 1% af fjárhæð innbús samkvæmt skírteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggðu þegar tryggingaratburður verður.
- Skartgripir og úr bætast með allt að 5% af fjárhæð innbús sem kemur fram á skírteini, enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggða þegar tryggingaratburður verður.
- Bilstólar, þverbogar, skíðafestingar, hjólfestingar og ferðabox, hvort sem munir eru geymdir í bílskúr eða annarri geymslu á heimili tryggingataka sem tilgreint er á skírteini eða áfastir á eða í einkabifreið tryggða.
- Verkfæri, varahlutir, áhöld sem tryggður á og notar sem launþegi við atvinnu sína. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Einn umgangur af sumar- eða vetrarhjólbörðum undir hvern einkabil sem skráður er á tryggðu og geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 5% af tryggingarfjárhæð innbús.
- Auka- og varahlutir sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu tryggðu og eru til einkanota, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hámarksbætur eru 2% af tryggingarfjárhæð innbús.

## 13. gr. Munir staðsettir utan heimilis

- Tryggingin tekur til almenns innbús sem staðsett er hérlendis utan heimilis í allt að 3 mánuði skv. 1. kafla. Almennt innbú í sumarbústöðum, lausafé í hesthúsum eða önnur sambærileg verðmæti, sem varanlega eru staðsett annars staðar en á heimilinu, fellur ekki undir þessa tryggingu. Bætur samkvæmt þessum lið takmarkast við 15% af tryggingarfjárhæðinni, sbr. þó það sem kemur fram í 1. kafla. Hægt er að kaupa sérstakar tryggingar á þær áhættur sem þessi grein undanskilur.
- Tryggingin tekur til innbús skv. 12. gr. sem flutt er í geymslu vegna framkvæmda á heimili tryggðu eða flutninga í allt að 12 mánuði frá upphafi geymslutímabils.

## 14. gr. Ákvörðun bóta

Bætur miðast við að fjárhagsstaða tryggðs verði sú hin sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er.

Félaginu er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað við fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda mun eða afhenda tryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins tryggða.

Bætur eru greiddar á grundvelli verðs nýrra muna að frádregnum afskriftum vegna aldurs og notkunar.

Þegar um er að ræða bætur vegna eftirtalinna muna hefur félagið heimild til þess að styðjast við eftirfarandi töflu. Afskriftir geta aldrei orðið meiri en 70% í þessari töflu.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Fatnaður fullorðinna	1 ár	20%
Fatnaður barna	1 ár	30%
Húsgögn	1 ár	10%
Rafmagnstæki	1 ár	10%
Reiðhjól, rafmagnshjól og létt bifjhjól	1 ár	15%
Gólfteppi og önnur laus gólfefni	1 ár	20%
Skiða, golf- og útvistarbúnaður	1 ár	10%
Myndavélar og fylgihlutir	1 ár	15%
Gleraugu	1 ár	10%
Heyrnataeki	1 ár	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 3 ár. Fyrst þegar tækin eru 12 mánaða frá kaupdegi svo eftir það á 6 mánaða fresti.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir
Snjallsímar og farsímar ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	20%

Eftirfarandi munir afskrifast að fullu eftir 5 ár.

Tegund	Ár án afskrifta	Afskriftir
Spjaldtölver og lófatölver ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Borðtölver, fartölver og íhlutir ásamt fylgihlutum	1 ár	20%
Snjallúr og snjalltæki ásamt fylgihlutum	1 ár	20%

- a. Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- b. Minjagildi bætist ekki.
- c. Glataðir og stolnir munir, sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi, eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar. Félagið getur krafist framvísunar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu.

#### 15. gr. Aukakostnaður vegna brottflutnings

Tryggingin bætir tjón á tryggðum munum sem verða kann vegna nauðsynlegra aðgerða til að forða þeim frá yfirvofandi bótaskyldu tjóni. Verði nauðsynlegt fyrir tryggðan að flytja af heimili sínu vegna bótaskylds tjóns þar, greiðist óhákvæmilegur aukakostnaður vegna þess, þ.m.t. húsaleiga í sambærilegu húsnæði, þó aldrei hærri en sem nemur 1% tryggingarfjárhæðar á mánuði. Bætur greiðast þó ekki í lengri tíma en 6 mánuði.

#### 16. gr. Hvar gildir tryggingin?

Innbústrygging gildir aðeins á Íslandi. Þegar tryggingartaki stendur í flutningum gildir tryggingin í 30 daga á bæði fyrra og seinna heimili tryggingartaka.

## 2. Kafli. Innbúskaskó (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

#### 17. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón sem eiga rætur að rekja til skyndilegra og ófyrisjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu sem eru ekki bótaskyld samkvæmt 1. kafla um innbústryggingu eða ákvæðum 10. kafla um farangurstryggingu erlendis, jafnvel þó að fullar bætur fáist ekki greiddar vegna viðkomandi tjóns.

#### 18. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- a. vegna þjófnaðar.

- b. sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum.
- c. sem rekja má til eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi tryggðra muna.
- d. sem rekja má til dýra.
- e. sem rekja má til galla, rangrar samsetningar og innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- f. vegna tapaðra eða skemmdra gagna og/eða hugbúnaðar.
- g. á peningum, verðbréfum, handritum, mynt, frímerkjasöfnun og minjagildi.
- h. sem rekja má til myglu eða sveppagróðurs.
- i. sem rekja má til þess að tryggður munur er mislagður, gleymist, týnist eða skilinn eftir á almannafærri.
- j. sem rekja má til hvers konar meindýra.

#### 19. gr. Varúðarreglur

- a. Læsa ber tryggilega heimilinu, bílum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar staðirnir eru mannlauisir eða heimilisfólk í svefn. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- b. Gæta skal þess að taka tryggða muni meðferðis þegar staðir eru yfirgefni og gæta þeirra þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.
- c. Fara skal að fyrirmælum framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.

#### 20. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi. Tryggingin tekur einnig til innbús skv. d. og e. lið 12. gr. 1. kafla skilmálans.

#### 21. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í 92 samfellda daga frá brottfarardegi á Íslandi og heim aftur, en einungis ef tryggður er jafnframt með farangurstryggingu hjá félagini sem hluta af tryggingu þessari.

#### 22. gr. Önnur ákvæði

Um tryggingu þessa gilda að öðru leyti skilmálar innbústryggingar eftir því sem við á.

### 3. Kafli. Ábyrgðartrygging einstaklings

Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einig að greiða kostnað sem tryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni ber tryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Viðurkenning tryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki félagið. Tryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

#### 23. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir:

- a. skaðabótaskyldu sem fellur á einhvern hinna tryggðu einstaklinga samkvæmt íslenskum lögum, enda sé skaðabótaskyldan bein afleidið af tjóni á mönnum eða munum (þar með talið húseign og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- b. tjón af völdum barns, yngra en 10 ára, án tillits til skaðabótaskyldu af lögum, að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Slík viðtæk skaðabótaábyrgð á ekki við þegar barn, yngri en 10 ára, er aðili að umferðaráhappi og tjón verður á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki í notkun.
- c. tjón sem einhver hinna tryggðu veldur með skaðabótaskyldum hætti sem notandi létts bifhjóls í flokki I, reiðhjóls eða smáfaratækis skv. skilgreiningu umferðarlaga. Ef um er að ræða tjón af völdum vélknúins farartækis er það skilyrði bótaskyldu skv. þessu ákvæði að um sé að ræða tæki sem ekki kemst hraðar en 25 km/klst. á raf- eða vélaraflí.
- d. kostnað við málsvörn sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram.

Ef önnur trygging tekur til tjóns skv. b. lið 23. gr. stofnast ekki bótaréttur sbr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

#### 24. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- a. tjón sem hinir tryggðu valda hverjur öðrum.

- b. tjón sem verður vegna atvinnu tryggðs hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra.
- c. tjón á munum sem tryggður hefur til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í hans vörsu.
- d. tjón á munum sem tryggður hefur tekið ófrjálsri hendi.
- e. tjón vegna skaðabótakröfu sem fellur á tryggðu sem eigendur eða notendur:
  - húseigna, loftfara, þ.m.t. fylgilda (dróna) hvers konar nema um annað sé samið, skemmtibáta eða hvers kyns vélknúinna farartækja eða vinnuvéla, sbr. þó. c. lið 23. gr.
  - hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.
- f. skaðabótakröfu vegna tjóns á eignum, stafi það af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
- g. sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í sambandi við refsímal tengt hinum tryggða.
- h. endurkröfu frá Tryggingastofnun ríkisins, Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum sambærilegum stofnunum.
- i. tjón sem verður sökum mengunar lofts, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. Félagið bætir þó þess háttar tjón, ef það verður rakið til eins ákveðins óvænts atburðar.
- j. tjón vegna skotvporna.
- k. tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
- l. tjón sem stafar af handalögumálum eða þáttöku tryggðu í refsiverðum verknaði.
- m. tjón vegna langvarandi raka, vatnsleka, myglu eða sveppagróðurs.

#### 25. gr. Varúðarregla

Tryggðum er óheimilt að eiga við eða breyta hvers konar farataækjum svo sem rafhjólum, smáfaratækjum eða léttum bífhjólum í flokki l, þannig að tækin komist á meiri hraða en 25 km/klst. fyrir eigin raf- eða vélarafli.

#### 26. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis í allt að 92 daga talið frá brottfaradegi frá Íslandi.

#### 27. gr. Tryggingarfjárhæð

Hámarks tryggingarfjárhæð í hverjum tryggingaratburði er hámark þeirrar höfuðstólskröfu sem félagið ábyrgist. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsökum teljast þau vera af völdum eins tryggingaratburðar.

Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu tryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr tryggingarfjárhæðinni. Sé tryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til til tryggingarfjárhæðarinnar.

#### 28. gr. Tryggingartímabil

Ábyrgðartrygging tekur til atvika sem eiga sér stað á tryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrr en síðar. Tryggingin tekur á hinn bóginn ekki til atvika sem eiga sér stað áður en tryggingin er tekin.

#### 29. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé skaðabótakrafa gerð á hendur hinum tryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og er heimilt að gera hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenning á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málkostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef tryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að tryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti kröfunnar.

## 4. Kafli. Slysatrygging í frítíma

#### 30. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur vegna slyss sem tryggði verður fyrir eins og segir í skilmála þessum.

Tryggingin gildir í fristundum, við heimilisstörf, við nám og greiðir félagið bætur ef slys sem tryggður verður fyrir leiðir til:

- Innlands sjúkrakostnaðar
- Varanlegrar læknisfræðilegrar örorku
- Tímabundinnar óvinnufærni
- Tannbrots
- Andláts

- 31. gr. Innlendur sjúkrakostnaður**
- Félagið greiðir innlendant sjúkrakostnað sem hlotist hefur af bótaskyldu slysi gegn framvísun reikninga og greiðslukvittana. Hámarksbótafjárhæð í hverju einstöku tjóni er tiltekin á skírteini.
  - Félagið bætir ekki sjúkrakostnað sem tryggðum er unnt að fá endurgreiddan frá Sjúkratryggingum Íslands.
- 32. gr. Bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku**
- Valdi slys tryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð greiðast örorkubætur á grundvelli þeirrar grunntryggingarfjárhæðar sem var í gildi á slysdegi.
  - Örorkuna skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflu örorkunefndar um miskastig sem í gildi er þegar örorkumat fer fram. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflu örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunni. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%.
  - Leiði slys til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skulu félagið og tryggður koma sér saman um einn hæfan matslækni til þess að meta afleiðingar slyssins.
  - Slys sem einungis valda lýti eru ekki bótaskyld.
  - Við ákvörðun örorku (læknisfræðileg örorka) ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu hins slasaða.
  - Missir eða bæklun á útlum eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á últimi eða líffæri sem áður var bæklad, skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Ef missir útlima eða líffæra er ekki alger, bætist örorkan hlutfallslega.
  - Örorka er metin í fyrra lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaða eða þegar læknir telur varanlegar afleiðingar slyssins hafa komið í ljós en þó aldrei síðar en þemur árum eftir slysið. Telji sá slasaði eða félagið að örorkan gæti breyst, getur hvor aðili um sig, farið fram á að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Hvor aðili um sig getur krafist nýs örorkumats að liðnu einu ári frá því að hið fyrra fór fram. Hinum slasaða er þá skilt að láta læknin tilnefndan af félaginu skoða sig. Ef hinn slasaði færst undan þessari skyldu, getur félagið tekið fyrir greiðslu til hans, þar til skoðun hefur farið fram.
  - Félagið áskilur sér rétt til að beita hlutfallsreglu við mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku.
  - Þótt ástand slasaða geti breyst skal þó undantekningarlaust framkvæma örorkumati í síðasta lagi þemur árum eftir slysið. Í þessu tilfelli ber að ákveða örorkuna eins og gera má ráð fyrir að hún verði endanleg. Ef líkur eru til að ástand hins slasaða megi bæta með læknismeðferð eða þjálfun og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíka meðferð, ber samt sem áður við ákvörðun örorkustigs að taka tillit til hugsanlegs bata sem slík meðferð kynni að hafa í för með sér.
  - Engar örorkubætur greiðast ef varanleg örorka er lægri en 15%. Bætur vegna varanlegrar örorku greiðast í hlutfalli við grunnupphæð örorkubóta sem í gildi var á slysdegi og kemur fram á skírteini. Þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar þrefalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar fjórfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 250% af grunnupphæð vegna örorkubóta sem getið er á skírteini.
- 33. gr. Bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni**
- Valdi slys tryggðum tímabundinni óvinnufærni, greiðir félagið dagpeninga í samræmi við þá fjárhæð sem í gildi var á slysdegi. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við óvinnufærni frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati læknis, þó ekki lengur en í 44 vikur og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
  - Með biðtíma er átt við það tímabil, sem samkvæmt skírteini á að líða frá tjónsdegi, áður en dagpeningareiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
  - Stafi óvinnufærni slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu, lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við hvern þátt sem þessar orsakir eiga í óvinnufærni.
  - Félagið bætir ekki tímabundna óvinnufærni sem er minni en 50% af óskertri starfsorku. Félagið metur óvinnufærni og varanleika hennar á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
  - Félagið greiðir ekki bætur vegna tímabundinnar óvinnufærni ef hún er af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis.
  - Félagið greiðir ekki bætur fyrir tímabundna óvinnufærni eftir að hún er orðin varanleg samkvæmt læknisvottorði eða örorkumati.
- 34. gr. Bætur vegna tannbrots**
- Félagið greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem laskast eða brotna við slys. Greiðsla félagsins takmarkast þó við 6,3% af grunnupphæð örorkubóta vegna hvers slyss og samanlagðar greiðslur vegna slysa á einu tryggingarári við 10% af sömu fjárhæð.
  - Félagið bætir þó ekki brot á tönnum sem verða við vinnuslys, sbr. lög um sjúkratryggingar nr. 112/2008 eða brot sem ber að höndum þegar tryggður matast. Tryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Sjúkratryggingum Íslands eða lögboðnum ökutækjatryggingum.
  - Tryggingin greiðir aðeins þau tanntjón sem ekki fást greidd af öðrum aðila, t.d. Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008 og reglugerð nr. 451/2013 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði sjúkratryggðra við tannlæknings.

### 35. gr. Bætur vegna andláts

- Látist tryggður af völdum slyss innan eins árs frá slysdegi, greiðist tryggingarfjárhæð sem í gildi var á slysdegi að frádregnum bótum fyrir varanlega örorku sem félagið kann að hafa greitt vegna sama slyss.
- Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök þess að tryggður andist. Réttthafi dánarbóta er maki, hvort sem er í hjúskap eða staðfestri samvist.
- Sé tryggður barn, greiðast dánarbætur til foreldra þess eða þess foreldris sem telst til tryggðs í þessari tryggingu, ef þau bæði teljast ekki til tryggðra. Eigi ekkert af þessu við greiðir félagið dánarbætur til réttthafa samkvæmt erfðalögum nr. 8/1962 eða erfðaskrá.
- Hafi tryggður engan á framfæri sínu greiðast 25% af tryggingarfjárhæðinni. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðin einstakling á framfæri sínu.
- Látist tryggður af slysþórum, á félagið rétt á því að líkið verði krufið til að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð félagsins.

### 36. gr. Almenn íþróttaiðkun

Tryggingin tekur til slysa sem verða við almenna íþróttaiðkun.

Tryggingin tekur þó ekki til slysa sem verða í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í íþróttum á vegum heraðslands og sérsambanda, hjá félögum innan sérsambanda ÍSÍ og hjá skráðum félögum með kennitölu, þar sem megintilgangur félagsins er íþróttaiðkun. Undanþágur þessar eiga þó ekki við um börn yngri en 18 ára.

Þó eiga þessar undanþágur ekki við um æfingar eða keppni í golfi, skíðagöngu, götuhjólreiðum og utanvega, viðavangs- eða götuhlaupi þar sem almenningu gefst kostur á þátttöku án skilyrða um lágmarksfærni eða -getu, enda sé um áhugamennsku að ræða.

### 37. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki slys:

- sem verða í hnefaleikum, bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða spaska til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 18 ára.
- sem verða í akstursíþróttum.
- sem verða í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
- sem verða í fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð fjalls er meiri en 4000 metrar frá sjávarmáli.
- sem verða í köfun með súrefniskút og fríköfun (án súrefnis) á meira en 10 metra dýpi.
- sem verða í teygjustökki, fallhlífarstökki, BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
- sem verða í loftbelgs-, svifvængja-, dreka-, svif-, fisvélafugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
- sem verða í öðrum áhættuþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar þeim sem nefndar hér að ofan.
- sem verða beint eða óbeint af völdum hryðjuverka, vegna hvers konar líffræðilegra eða efnarfræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. vegna sýkla og veira, eða þegar afleiðingar slyss verða meiri vegna framangreindra atriða.
- sem verða í flugi, nema að sá sem tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeiganda flugmálayfirvalda.
- sem verða vegna ljósabaða, lækningsameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema það sé að læknisráði vegna bótaskyldu slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnum.
- sem verða vegna lyfjanotkunar sem hafa sljógvandi áhrif.
- sem verða vegna matar- og/eða drykkjareitrunar.
- sem verða vegna neyslu áfengis, fíkniefna- eða annarra nautnalyfja.
- sem tryggður verður fyrir í handalögðáli eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
- af völdum sýkingar af skordýrabit eða -stungu.
- vegna eitraðra lofttegunda nema það hafi orðið skyndilega og án vilja þess sem tryggður er.
- af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.
- af völdum farartækja sem komast hraðar en 25 km/klst. á raf- eða vélarafli. Slys af völdum notkunar rafknúna reiðhjóla og annarra smáfarartækja og léttis bifhjóls í flokki 1 skv. skilgreiningu umferðarlaga nr. 77/2019 eru þó bótaskyld.
- sem tryggður verður fyrir í starfi, hvort sem um er að ræða launað starf eða arðbært starf í eigin þágu eða annarra sem atvinnuslysahættu fylgir. Slys sem verða á beinni leið til og frá vinnu teljast slys í starfi og falla því ekki undir tryggingarsvið þessa kafla.

### 38. gr. Aðrar takmarkanir á greiðsluskyldu

Félagið greiðir ekki bætur, þótt slys verði talin sönnuð orsök, vegna eftirfarandi sjúkdóma eða sjúklegs ástands: Brjósklos, þursabit (e. lumbago ischias), liðagigt, slitgigt eða hvers konar aðrir gigtarsjúkdómar. Ef sjúkdómar, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð, eða skapist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi, sem tryggingin nær til.

**39. gr. Aldursmörk**

Sé tryggður 70 ára eða eldri þegar hann slasast, verða dánarbætur eftirtaldir hundraðshlutar af tryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skírteini:

Aldur	Hlutfall bóta
70 ára	80%
71 árs	60%
72 ára	50%
73 ára	40%
74 ára	35%
75 ára	30%
76 ára	25%
77 ára og eldri	20%

Sé tryggður 60 ára eða eldri þegar að hann slasast, verða örorkubætur eftirtaldir hundraðshlutar af tryggingarfjárhæð eins og hún er tilgreind á skírteini:

Aldur	Hlutfall bóta
60 til 62 ára	95%
63 til 64 árs	90%
65 til 66 ára	85%
67 til 68 ára	70%
69 til 70 ára	60%
71 til 72 ára	50%
73 til 74 ára	40%
75 til 76 ára	30%
77 ár og eldri	20%

Börn yngri en 18 ára eru ekki tryggð gegn tímabundinni óvinnufærni og ekki fyrir hærri dánarbótum en sem nemur 25% af dánarbótum slysatryggingar.

Sé tryggður á aldrinum 67 til 70 ára þegar hann slasast miðast hámarksbætur vegna tímabundinnar óvinnufærni við 50% af grunnfjárhæð vikulegra bóta.

Sé tryggður 71 árs eða eldri þegar hann slasast er hann ekki tryggður gegn tímabundinni óvinnufærni.

**40. gr. Ráðstafanir vegna slyss**

Þegar slys ber að höndum er félagini heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggðs. Félagið greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tryggingaratburð þegar þeirra er aflað að beiðni félagsins. Nauðsynleg vottorð teljast vera áverkavottorð, vottorð um óvinnufærni og lokavottorð meðferðarlæknis. Samþykki félagsins þarf fyrir öflun annarra vottorða.

**41. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Trygging gildir:

- a. hvar sem er í heiminum.
- b. fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði frá brottfaradegi á Íslandi.

**42. gr. Vísitölubinding bótafjárhæða**

Bótafjárhæðir reiknast á grundvelli tryggingarfjárhæðar á slysdegi en breytast með vísitölu neysluverðs á grundvelli verðlags í byrjun næsta mánaðar á eftir eins og hér segir:

- a. Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til dánardags.
- b. Örorkubæturnar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding örorkubóta varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- c. Dagpeningar breytast á hverjum tíma í réttu hlutfalli við breytingu vísitölunnar frá slysdegi.

## 5. Kafli. Réttaraðstoðartrygging

Hlutverk réttaraðstoðartryggingar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Það er skilyrði tryggingarverndar að óskað sé aðstoðar lögmanns. Lögmaðurinn skal tilkynna félaginu þegar hann hefur tekið að sér málíð áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu, sem polir ekki bið. Félaginu ber skylda til, á grunni fyrirliiggjandi upplýsinga, að tilkynna hvort málíð sem sílkt sé bótaskylð eða ekki.

### 43. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin greiðir:

- bætur vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Ekki eru því greiddar bætur ef tryggður gefur frá sér möguleika að heimta bætur frá mótaðila með eða án málsofnar.
- póknun lögmanns og kostnað. Félagið getur sett það skilyrði fyrir greiðslu bóta að tryggður leggi ágreining um réttmæti málslutningsþóknunar fyrir úrskurðarnefnd Lögmannafélags Íslands samkvæmt 26. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Í slíkum tilvikum greiðir félagið málsgjaldið.
- kostnað við öflun álítsgerða, ef lögmaður tryggða biður um álítsgerðina áður en til dómsmála kemur, eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álítsgerðar.
- kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómsstórum eða gerðardómum.
- réttargjöld.
- málskostnað sem tryggði er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómsstóli eða gerðardómi við lok máls.
- málskostnað sem tryggði tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómsstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.

### 44. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin tekur ekki til ágreinings, mál eða málreiðir sem varðar:

- hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama á við um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forsíða barna og umgengisrétt.
- atvinnu, atvinnurekstur eða embættisrekstur tryggðs, þar með talin mál vegna vinnuslysa.
- ábyrgð sem tryggður hefur gengið í.
- fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða sem stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
- kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum tryggða.
- tryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins faratækis, hjólhysis eða annars tengisvagns, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu. Einnig önnur mál sem varða tryggðan sem tjónþola í tengslum við skráningarskylt ökutæki.
- skáðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur tryggðum vegna brots sem er saknæmt.
- víxilmál og innheimtmál gegn tryggðum þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg og mál sem snúast um gjaldþrota- og nauðasamninga þar sem tryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.
- málarekstur gegn félagini sjálfu.
- ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóum í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi, ef umsókn um gjafssókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafssófnar hafi verið afturkólluð.

Bætur eru ekki greiddar til tryggða fyrir:

- eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað og annan kostnað.
- fullnustu dóums, úrskurðar eða samkomulags.
- aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmann eða skipt er um lögmann.
- greiðslur til gerðarmanna.
- aukakostnað sem stafar af því að tryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.

### 45. gr. Hvað er tryggt?

Tryggingin tekur til ágreinings sem snertir tryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er leiddur til lykta fyrir dómi, með úrskurði eða dómsátt samkvæmt 109. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Sé um að ræða ágreining, sem ekki verður vísað til dómsstóla nema að undangenginni málsméðferð á öðrum vettvangi, tekur tryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð.

Tryggingin tekur einnig til endurupptöku, þó aðeins að endurupptaka sé heimiluð. Tryggðum er skyldt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan frá hinu opinbera, t.d. að sækja um gjafssókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

Tryggingin tekur ekki til sakamála og ekki heldur til ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.

**46. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir á Íslandi. Sá tryggði getur einnig notið réttaraðstoðar ef þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerast á Norðurlöndunum eða utan þeirra þegar tryggður er á ferðalagi og ágreiningurinn varðar hann sem ferðamann.

**47. gr. Tryggingarfjárhæð**

Tryggingarfjárhæð er tiltekin á skírteini. Í ágreiningsmálum sem varða fjárhagslega hagsmuni geta bætur þó aldrei orðið hærri en sem nemur fjárhæð þeirra hagsmunu sem ágreiningur lýtur að. Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir tryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef tryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu sílik mál talin eitt tjón, svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.

Nú tekur sami lögmaður og/eða sama lögmannsstofa að sér mál, þar sem fimm eða fleiri tryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmuna að gæta og málarekstur þeirra uppfyllir skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um samlagsaðild og/eða málsóknarfélög, þá greiðir félagið aldrei hærra hlutfall af fjárhæð málskostnaðar sem kemur fram á skírteini en sem kemur fram í töflunni hér á eftir:

Fjöldi	Hlutfall
5-15	80%
16-30	65%
31-50	40%
51+	30%

**48. gr. Hvenær er hægt að óska eftir réttaraðstoð?**

Hægt er að óska eftir réttaraðstoð ef tryggingin er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og að hún hafi þá verið í gildi í að minnsta kosti tvö samliggjandi ár. Tryggingin þarf ekki að hafa verið hjá félaginu allan tímann, ef tryggður hefur haft sams konar tryggingu hjá öðru félagi fær hann þá tryggingu reiknaða sér til góða.

Ef tryggður hefur tryggingu þegar ágreiningur kemur upp, en ekki haft hana í tvö ár, getur hann samt sem áður fengið réttaraðstoð ef að þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfuna hafi gerst eftir að réttaraðstoðartryggingin tók gildi.

Ef tryggður hefur ekki lengur neina réttaraðstoðartryggingu þegar ágreiningur kemur upp getur tryggður þrátt fyrir það fengið réttaraðstoð frá tryggingu þessari, ef hún hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar fyrir kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

**49. gr. Val á málflytjanda**

Það er skilyrði bótaskyldu að tryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Tryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki án samþykkis félagsins farið sjálfur með eigið mál.

Félagið getur farið þess á leit við úrskurðarnefnd lögmanns sbr. 26. gr. laga nr. 77/1998 að hún fjalli um sanngirni lögmannsbóknunar og kostnaðar.

**50. gr. Endurkrafa**

Að svo miklu leyti sem bætur vegna tryggingarinnar hafa verið greiddar, eignast félagið rétt hins tryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

## 6. Kafli. Áfallatrygging

**51. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin greiðir úttagðan kostnað við sérfræðistuðning gegn framvísun greiðslukvittana, hafi tryggður orðið fyrir sálrænu áfalli eða á við sálræn veikindi að striða í kjölfar eftirfarandi atburða:

- Innbrot á heimili tryggðs.
- Heimili tryggðs verður fyrir verulegu eignatjóni.

- c. Tryggðum munum er rænt af þeim tryggða með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað.
- d. Einhver hinna tryggðu lendir í alvarlegu slysi.
- e. Ofbeldi af hendi maka eða sambýlismaka.
- f. Andlát maka, barns eða við fósturmissi.

**52. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- a. atburða sem áttu sér stað áður en tryggingin tók gildi.
- b. erfiðleika sem tengjast ekki ákveðnu tjónsatviki skv. gr. 51.

**53. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir á Íslandi og í kjölfar atburða á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

**54. gr. Tryggingarfjárhæð**

Hámarksbætur fyrir hvern tryggðan tjónsatburð og hvern tryggðan koma fram í skírteini.

**55. gr. Ákvörðun bóta**

Samþykki félagsins þarf áður en viðtal vegna áfallahjálpar hefst.

Tryggingin greiðir kostnað við allt að 6 klukkustunda samtalsmeðferð á viðurkenndri starfsstöð meðferðaraðila á Íslandi. Meðferðinni skal vera lokið innan 12 mánaða frá tjónsatburði. Aðeins er greiddur kostnaður vegna samtalsmeðferðarinnar, annar kostnaður eins og til dæmis kostnaður við að komast í viðtalið er ekki greiddur.

## 7. Kafli. Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi

**56. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir kostnað þurfi tryggður að breyta aðstæðum sínum vegna ofbeldis í nánu sambandi. Dæmi um kostnað er matarkaup, samgöngur, fatnaður og, hreinlætisvörur.

**57. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir á Íslandi og í kjölfar atburða á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

**58. gr. Tryggingarfjárhæð**

Hámarksbætur fyrir hvern tryggðan tjónsatburð koma fram í skírteini. Bætur eru greiddar í eitt skipti í allt að þremur greiðslum.

**59. gr. Ákvörðun bóta**

Afhenda þarf staðfestingu frá þeim fagaðila sem leitað var til í kjölfar ofbeldis. Á staðfestingunni þarf að koma fram hvenær leitað var fyrst til fagaðila, að tryggður dvelji í athvarfi eða sé í framhaldsaðstoð hjá fagaðila.

## 8. Kafli. Forfallatrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

**60. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin greiðir:

- a. ferðakostnað sem greiddur er fyrir fram eða samið er um greiðslu á og ekki fæst endurgreiddur vegna ferðar sem tryggði kemst ekki í. Með ferðakostnaði er átt við flugkostnað, kostnað vegna almenningssamgangna, kostnað vegna bilaleigubíls og kostnað við gistingu. Annar kostnaður, svo sem kostnaður vegna miða í skemmtigarða, skíðapassa, miða á tónleika eða golfiðkunar, telst ekki ferðakostnaður í þessu sambandi.
- b. eingöngu bætur ef ástæða forfalla er ein aftifarandi:
  - andlát tryggða.

- alvarlegt slys eða skyndileg veikindi, líkamsmeiðsl, barnsburður eða sóttkví tryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að tryggður sé ekki ferðafær.
- andlát, alvarlegt slys eða skyndileg alvarleg veikindi maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdaforeldra, tengdabarna eða systkina tryggðs sem staðfest er með vottorði læknis.
- verulegt eignatjón á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru tryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
- kvaðning tryggðs til vitnisburðar fyrir dómi.
- forföll vegna starfa sem tryggður getur ekki vikið sér undan að vinna samkvæmt lögum um skyldusóttkví eða ef komið er í veg fyrir ferð vegna opinberra hafta sem leiða af farsótt.
- röskun sem leiðir til a.m.k. 12 klukkustunda tafar á brottför almenningsfaratækis tryggða á útleið samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið afhent.
- rán flutningsfars.

#### 61. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki tjón:

- vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt.
- vegna sjúkdóma sem verða eftir 36. viku meðgöngutíma.
- vegna alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en trygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.
- vegna meiðsla sem menn valda sjálbum sér eða tjón sem verða er tryggður hefur stofnað sér í hættu að nauðsynjalausu.
- sem stafar beint eða óbeint af eftirfarandi:
  - tilskipun stjórnvalda (nema þeim er varðar skyldusóttkví).
  - yfirsjónum eða vanrækslu aðila sem annast flutning, gistingu eða yfirsjón umboðsmanns sem annaðist skipulagningu ferðar.
  - tregðu tryggða til að ferðast eða af bágum fjárhag hans.
  - útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihiði eða flugfélagi ber að greiða.
  - breytingu á fyrirhuguðum sumarleyfistíma.
  - aukagjöldum sem ferðaskrifstofa leggur á og hækka grundvöll verðskrár hennar.
- sem stafar af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða distingu að nauðsynlegt hafi reynst að hætta við ferð.
- sem hlýst af því að tryggður hefur ekki skráð sig til brottfarar samkvæmt ferðaáætlun sem honum hefur verið afhent enda hafi breyting á áætlunartíma ekki verið staðfest af flugfélagi eða ferðaskrifstofu.
- sem hlýst af því að flugvél eða skip er tekið úr þjónustu til bráðabirgða eða á annan hátt samkvæmt tilskipun opinbers aðila.
- vegna verfallsaðgerða sem vitað var, þegar staðfestingargjald var greitt, að hefjast myndu fyrir brottför.
- vegna fjárhagserfiðleika eða gjaldþrots ferðaskrifstofu og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.
- flugvallaskatta og önnur gjöld sem sækja má til flutningsaðila.
- vegna einhverra þeirra atvika sem fram koma í 37. gr. 4. kafla um slysatryggingu í frítíma að undanskildum m., p., og r. lið.

#### 62. gr. Hver er tryggður eða meðtryggður?

Tryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.

#### 63. gr. Ákvörðun bóta

Tryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu sinnar um bætur, t.d. læknisvottorð, ferðareikning og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggða.

#### 64. gr. Forfallagjald

Ef tryggður greiðir sérstakt forfallagjald eða annað sambærilegt gjald hjá ferðasala eða sé það innheimt af honum við kaup ferðar í því skyni að endurgreiða ferðakostnað vegna forfalla, greiðast engar bætur úr þessari tryggingu.

Bætur úr tryggingu þessari eru greiddar vegna forfalla sem verða fram að brottför frá heimili tryggðs.

#### 65. gr. Tryggingarfjárhæð og eigin áhætta

Eigin áhætta og hámarksbætur fyrir hvern hinna tryggðu í hverjum tryggingaratburði koma fram á skírteini.

## 9. Kafli. Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging erlendis (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

### 66. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir:

#### a. Erlendan sjúkrakostnað

- Sjúkrahúsvisst erlendis ásamt læknishjálp, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Vistin og meðferðin skulu vera fyrirkipuð af læknir og greiðslan miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- Læknishjálp og lyf að læknisráði.
- Kvalastillandi tannviðgerðir aðeins í neyðartilvikum; hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

#### b. Aukinn kostnað

- Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir álítur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst kostnaður m.a. vegna hjúkrunar og sjúkrafæðis. Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar er 1% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar á sólarhring.
- Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar þar sem tryggður liggar á sjúkrahúsi að læknisráði og í samráði við neyðarþjónustu félagsins, ásamt ferðakostnaði fylgdarmanns, telji læknirinn slíks þörf.
- Slasist tryggður, veikist hann alvarlega eða andist á ferð sinni, greiðir félagið aukakostnað náins ættingja sé hann með í för eða ef hann er kvaddur til dvalarstaðar tryggðs í samráði við félagið eða SOS International.
- Hámarksbætur vegna þessa kostnaðar eru 10% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

#### c. Sjúkraflutning

- Nauðsynlegan kostnað tengdum sjúkraflutning í því landi sem slys eða veikindi verða í samráði við félagið eða SOS INTERNATIONAL.
- Telji læknir sá sem annast hefur tryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og hún geti orðið með venjulegum hætti, nægir félaginu skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti, dýrari farrými o.s.fr. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða, að læknirinn telur að flytja verði tryggða heim með öðrum hætti, skal neyðarþjónusta félagsins annast flutninginn.

#### d. Flutning á látnum

- Andist tryggður á ferð erlendis skal neyðarþjónustu félagsins falið að annast flutning hins látna til Íslands svo og samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

#### e. Ferðarofsútgjöld

Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands, ef tryggður neyðist til að rjúfa utanlandsdvöl sína vegna:

- andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, foreldra, barnabarna, afa, ömmu, tengdabarna, tengdaforeldra eða systkina tryggðs.
- verulegs eignatjóns á heimili tryggða, eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við félagið um það hvort heimferðar er þörf.
- hámark bóta vegna ferðarofs er 10% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

#### f. Endurgreiðsla orlofsferðar

- Verði orlofsferð rofin samkvæmt fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi tryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann, þá greiðir félagið andvirði ferðar sjúklingsins.
- Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt, greiðir félagið hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar sem rofin var.
- Bætur greiðast einungis vegna ferðar sem varir sex daga eða lengur.
- Hámark bóta vegna þessa þáttar er 10% af hámarkssjúkrakostnaði tryggingarinnar.

Ef tryggður slasast, veikist eða andist á ferðalagi erlendis greiðir ferðasjúkratryggingin óhjákvæmilegan og eðlilegan kostnað, sem af hlýst. Félagið greiðir þó aðeins þennan kostnað að því marki sem hann fæst ekki greiddur af Sjúkratryggingum Íslands eða öðrum sambærilegum aðila. Einnig bætir ferðasjúkratryggingin nauðsynlegan og eðlilegan kostnað vegna rofs ferðalagsins, skv. e. lið.

**67. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki:

a. **Sjúkrakostnað**

- vegna sjúkdóma sem verða eftir 36. viku meðgöngu, við fæðingu eða þungunarrof.
- vegna áframhaldandi læknismeðferðar, ef tryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir að vera ferðafær.
- lengur en í þrjá mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.
- vegna meiðsla sem menn valda sjáfum sér eða vegna meiðsla er tryggður stofnar sér í hættu að nauðsynjalaus.
- vegna kynsjúkdóma.

b. **Kostnað**

- vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, snertisjónghlerja, heyrnatækja og aðra sambærilega hluti.
- vegna lyfja sem tryggður hefur notað reglulega áður en ferð hófst.
- tryggingin greiðir ekki aukakostnað fyrir fæði og uppihald.
- sem greiddur er samkvæmt gagnkvæmum samningi um sjúkratryggingar.
- við leit og björgun.
- vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem tryggði hefur þjáðst af eða hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- vegna sjúkdóma eða slysa sem eru undanskilin skv. 36., 37. og 39. gr. 4. kafla um slysatryggingu í frítíma eftir því sem við á. Þó greiðir tryggingin kostnað vegna sjúkdóms, slyss eða fráfalls hins tryggða af völdum matar- eða drykkjareitrunar, sýkingar vegna skordýrabits- eða stungu, svo og af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.

**68. gr. Varúðarreglur**

Tryggður skal ávallt fylgja fyrirmælum lækna og/eða trúnaðarlæknis félagins.

**69. gr. Hver er tryggður og meðtryggður?**

Tryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.

**70. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi sem og:

- í frítíma á ferðalagi erlendis, í allt að 92 samfelleda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.
- í starfi, launuðu eða ólaunuðu, á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi ef það tengist viðskiptafundum, skrifstofustörfum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.
- í bóklegu námi erlendis í allt að 92 daga samfellt frá upphafi ferðar frá Íslandi.

Tryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 daga.

**71. gr. Ákvörðun bóta**

Félagið greiðir bætur gegn framvísun reikninga og greiðslukvittana. Hámarksbótafjárhæð í hverju einstöku tjóni er tiltekin á skírteini. Tryggður skal leggja fram nauðsynleg gögn vegna kröfu um bætur, t.d. læknisvottorð, farseðil og kvittun fyrir greiðslu á ferðakostnaði.

## 10. Kafli. Farangurstrygging erlendis (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

**72. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Tryggingin bætir:

- skemmdir á farangri af völdum bruna, ráns, flutningsslyss svo og ef farangur tryggðra týnist alveg í flutningi, þó með þeim takmörkunum sem kemur fram í skilmála þessum.
- þjófnaði á farangri vegna innbrots í hibýli, bifreiðar, húsvagna og báta.

**73. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Tryggingin bætir ekki:

- peninga, farmiða, ferðatékka, skuldabréf né önnur verðbréf, skjöl, handrit og frímerki.
- brothætta hluti, sjónvörp, spjaldtölvur, upptökuvélar, myndavélar, gleraugu, rafeindabúnað og annan sambærilegan búnað, innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum.

- c. skemmdir sem verða af völdum mölflugna, meindýra, ástandi andrúmslofts, veðráttu, eðlilegu sliti eða aðrar skemmdir sem ekki rýra notagildi tryggða hlutar (rispur, beyglur, mar eða núning).
- d. skemmdir á farangri vegna vökva, matvæla og annarra smitandi efna, sem höfð eru í farangri, nema almenningsfarartæki hlekkist á eða að árekstur verði milli faratækja og tjón fáist ekki bætt úr ábyrgðartryggingu þeirra.
- e. skemmdir á fatnaði, íþróttabúnaði, íþróttatækjum, útvistar- og viðlegubúnaði svo og öðrum munum í notkun.
- f. skemmdir og/eða tafir vegna eignaupptöku eða kyrissetningu muna af hálfu tollgæslu eða annarra valdhafa.
- g. skemmdir á töskum í vörslu flugfélags eða annars flutningsaðila.
- h. skemmdir vegna ófullnægjandi eða lélegra umbúða.
- i. þjófnað á munum úr innrituðum farangri.
- j. þjófnað eða innbrot sem tryggður hefur, af ásettu ráði eða gáleysi, ekki tilkynnt lögreglu innan sólahrings frá því að það varð eða skýrt var frá því.
- k. þjófnað og/eða skemmdir á reiðhjólum sem geymd eru utandyra.
- l. tölvugögn eða hugbúnað.

**74. gr. Varuðarreglur**

- a. Tryggður skal gæta farangurs síns vel og gera nauðsynlegar ráðstafanir, eftir því sem við verður komið, til að koma í veg fyrir tjón.
- b. Læsa ber tryggilega híbýlum, bílum og öðrum þeim stöðum þar sem verðmæti eru geymd þegar þessir staðir eru mannlausir eða heimilisfólk í svefni. Enn fremur ber að loka gluggum og krækja aftur, og ganga að öðru leyti þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- c. Ekki skal skilja við tryggða muni eftirlitslausá á almannafærri, t.d. afgreiðslum, baðstöðum, tjaldstæðum, almennum snyrtiherbergjum, hjá flutningsaðila o.s.frv. Einnig skal gæta þess að taka tryggða muni með þegar staður er yfirgefinn.
- d. Tryggður skal sjá til þess að tryggðir munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

**75. gr. Hvað er tryggt?**

Farangur er hið tryggða. Til farangurs teljast aðeins persónulegir lausafjármunir sem tryggðu hafa með sér í ferðalag.

**76. gr. Hver er tryggður og meðtryggður?**

Tryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmála.

**77. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

Tryggingin gildir ekki fyrir einstaklinga sem stunda nám eða vinnu erlendis, ef nám eða störf vara lengur en 92 dagar. Gildir tryggingin þá aðeins á ferðalagi til og frá Íslandi.

**78. gr. Tryggingarfjárhæð**

Tryggingarfjárhæð kemur fram á skírteini. Sé verðmæti farangursins meira en tryggingarfjárhæðin greiðast bætur hlutfallslega.

Tryggingarfjárhæð skiptist að tiltölu á tryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeirri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna tryggðu nemur 7,5% af tryggingarfjárhæð innbús en samanlöögð tryggingarfjárhæð getur þó aldrei orðið hærri en tryggingarfjárhæð sú sem fram kemur á skírteini.

Hámarksbætur fyrir hvern einstaka hlut, par eða samstæðu í farangri eru skráðar á skírteinið og takmarkast bótaskylda félagsins við þá fjárhæð, að frádreginni eign áhættu, nema um sé að ræða hlut sem verðlagður hefur verið sérstaklega, tilgreindur og skráður á skírteinið og sérstakt iðgjald greitt fyrir hann. Hámarksbætur fyrir úr og skartgripi eru 1% af tryggingarfjárhæð innbús í hverju tjóni.

Í hverju tjóni ber tryggður eigin áhættu 25%. Lágmarksfjárhæð eigin áhættu í hverju tjóni kemur fram á skírteini.

**79. gr. Ákvörðun bóta**

Tryggður skal ekki hagnast á tryggingaratburði. Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón tryggða.

Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. Félagini er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Skal þá beita afskriftarreglum í innbúskafla heimilistryggingar (1. Kafli).

Félagið getur annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða ráðstafað hlutnum til viðgerðar og greitt viðgerðarkostnað, ef unnt er að gera við hlutinn þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati félagsins.

Félagið getur greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar samkvæmt 1. mgr. ef hluturinn skemmist það mikið að ekki er unnt að gera við hann eða það borgar sig ekki að mati félagsins. Hafi félagið greitt bætur samkvæmt þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.

Félagið hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir tryggingaratburð og verðmæti eftir tryggingaratburð.

Bætur vegna tjóns á hljóð- og myndritum takmarkast við andvirði óritaðs disks, bands eða filmu að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta. Þó greiðast bætur vegna útgefinna hljóð- og myndrita og miðast þá við kaupverð að teknu tilliti til eðlilegra afskrifta.

Stolnir munir sem koma fram eftir að félagið hefur bætt tjón eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

#### 80. gr. Ráðstafanir vegna tjóns

Verði tjón sem trygging þessi tekur til, skal tryggður gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað. Tilkynna skal lögreglu þegar í stað um þjófnað, rán eða innbrot, með ósk um rannsókn. Verði þjófnaður erlendis, skal skýrsla lögreglu á staðnum fylgja tjónstilkynningu til félagsins. Tjón skal ávallt tilkynna fararstjóra ef hans nýtur við.

Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags, er tjónþola skyld að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við lendingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gert eyðublað (P.I.R. skýrslu). Tjónþoli skal framvísa afriti skýrslunnar til félagsins þegar tjón er tilkynnt.

Tilkynningu um tjón skal senda félaginu án ástæðulausrar tafar. Félaginu er heimilt að krefjast nákvæmrar sundurliðunar og verðlagningar á tryggðu munum. Félaginu er einnig heimilt að krefjast framvísunar á skemmdum munum.

## 11. Kafli. Farangurstafatrygging (valkvæð)

Tryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á skírteini.

#### 81. gr. Hvað bætir tryggingin?

Félagið greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern tryggðan 18 ára og eldri, sem vegna tafar eða rangrar afgreiðslu fá ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 8 tíma eftir að áfangastað er komið. Einnig er greitt til barna yngri en 18 ára ef þau ferðast án samfylgðar forsýraðila.

Bætur samkvæmt þessu ákvæði eru greiddar án þess að leggja þurfi fram reikninga fyrir útlögðum kostnaði.

#### 82. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin greiðir ekki bætur:

- vegna tafa á farangri þegar tryggður er á heimleið.
- ef farangurstöfin uppgötvest innan sama sólarhrings og ferð lýkur á Íslandi.

#### 83. gr. Varúðarregla

Tryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki styttri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókum.

#### 84. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir vegna tafar á afhendingu farangurs í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

#### 85. gr. Hver er tryggður og meðtryggður?

Tryggðir eru þeir sem tilgreindir eru í upphafi skilmálans.

#### 86. gr. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

Týnist farangur í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tjónþola skyld að tilkynna tapið strax við lendingu til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tjónþola ber að framvísa til félagsins staðfestingu frá flugfélagini þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

Skilmáli þessi gildir frá 10.03.2025